

1. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Selinu á Selfossi 7. júní 2018 kl. 20:00.

Mætt eru: Viktor S. Pálsson formaður, Hjalti Þorvarðarson og Sigrún Hreiðarsdóttir ásamt Gissuri Jónssyni framkvæmdastjóra.

Forföll boðuðu: Dýrfinna Sigurjónsdóttir og Sverrir Einarsson.



1. Samningar við Sv. Árborg

Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við bæjaryfirvöld til að kanna stöðu mála á uppbyggingu íþróttamannvirkja í sveitarfélaginu.

Lögð voru fram drög að samningi Sveitarfélagsins Árborgar og Fjölbrautaskóla Suðurlands vegna afnota af lðu íþróttahúsi FSu. Stjórn handknattleiksdeildar hefur þegar fjallað um drögin og veitt þeim jákvæða umsögn.

Mikilvægt að samningur um rekstur á Selfossvelli sé í stöðugri endurskoðun.

Framkvæmdastjóra falið að óska eftir samantekt frá vallarstjóra um nýtingu á vellinum, ástand mannvirkja og uppbyggingu sem ráðast þarf í vellinum fyrir unglíngalandsmót UMFÍ sem haldið verður á Selfossi árið 2020.

2. Árshlutauppgjör Umf. Selfoss

Framkvæmdastjórn fór yfir árshlutauppgjör eins og þau liggja fyrir frá skrifstofu Umf. Selfoss. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir fundi með stjórn handknattleiksdeildar til að fara yfir fjármál og komandi verkefni deildarinnar.

3. Keppnisbúningur og hátíðarfáni

Varðandi keppnisbúning lágu fyrir tvær tillögur frá Jako, samstarfsaðila félagsins varðandi fatnað iðkenda. Framkvæmdastjórn samhljóða um að velja vínrauðan keppnisbúning með dekkri vínrauðum ermum. Þarfagreining deilda liggur fyrir vegna áframhaldandi samnings.

Að fenginni tillögu frá Bros, sem framleiðir hátíðarfána fyrir Umf. Selfoss, staðfestir framkvæmdastjórn lit á hátíðarfána (prufa nr. 8).

4. Önnur mál

Rekstrarstyrkur vegna starfsmanns deilda. Framkvæmdastjóra falið að útfæri nánar vinnureglur varðandi úthlutun á styrk vegna starfsmanns deilda í samræmi við samþykkt aðalstjórnar frá 2. maí 2018. Mælst til að greiðsla hefjist 1. júlí að því gefnu að fyrir liggi ráðningarsamningur og starfslýsing sem tekur á verkefnum sem framkvæmdastjórn gerir kröfu um að deildir sinni.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 21:05.
Gissur Jónsson ritaði fundargerð.**